Alþýðusamband Íslands

Verðbreytingar á vörukörfu ASÍ frá því í janúar

Mælingar á vörukörfu ASÍ voru gerðar í verslunum í viku 3. og 19. Vörukarfa ASÍ hækkaði mest um 3,6% í Kaskó og í Nóatúni um 3,1% milli tímabilanna. Verð lækkaði um (-2,6%) í 10–11 í Krónunni lækkaði verðið um (-1,7%) og í Bónus (-1,6%). Hækkanir á hreinlætisvörum, drykkjavörum og ýmsum nýlenduvörum eru áberandi í flest öllum verslunum, en grænmeti, ávextir og mjólkurvörur lækkuðu á flestum stöðum.



Í lágvöruverðsverslunum hækkaði vörukarfan mest í Kaskó um 3,6% en lækkaði um -1,7% í Krónunni. Í Kaskó var má rekja hækkunina til (12,1%) hækkunar af kjötvörum, (8,4%) hækkunar á hreinlætis- og snyrtivörum og (5%) hækkunar á drykkjarvörum. Í

Krónunni má rekja mestu breytingarnar til hækkunar á hreinlætis- og snyrtivörum eða um 10,5% og (4,2%) hækkun á drykkjarvörum, kjötvörur lækkuðu um (-9%).

Vika 44 og 3	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	-1,6%	-1,7%	1,0%	3,6%
Brauð og kornvörur	3,7%	0,5%	4,5%	-2,1%
Kjötvörur	-9,6%	-9,0%	-2,0%	12,1%
Mjólkurvörur, ostar og egg	2,7%	1,0%	-1,9%	-3,9%
Grænmeti og ávextir	-3,2%	-2,9%	-0,1%	5,1%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	-0,3%	-1,9%	1,5%	0,8%
Ýmsar matvörur	-2,2%	2,8%	-0,5%	2,3%
Drykkjarvörur	6,3%	4,2%	9,8%	5,0%
Hreinlætis- og snyrtivörur	2,3%	10,5%	12,1%	8,4%

Í stórmörkuðunum hækkaði verð vörukörfunnar mest í Nóatúni eða um 3,1% sem rekja má að mestu til hækkana á kjötvörum (11,3%), hreinlætis og snyrtivörum um 8%, brauð og kornvörum (6,8%) og drykkjavörum (5,8%). Hagkaup lækkaði verðið mest af stórmörkuðum eða um 0,7%, þar vegur mest lækkað verð á ýmsum matvörum um (-5,4%), kjötvörum um (-4,8%) en hækkun var á brauði og kjötvörum um (5,9%), drykkjarvörum um (4,5%) og sykri, súkkulaði og sælgæti um (4,3%).
Í klukkubúðunum var mesta hækkunin í Ellefu ellefu 2,5%, sem má rekja til (14,9%) hækkunar á hreinlætis- og snyrtivörum, (6,9%) hækkunar á ýmsum matvörum og (3,2%) hækkunar á brauði og kornvöru. Í Tíu ellefu lækkaði heildarkarfan um (-2,6%) á milli mælinga sem skýrist að mestu af lækkun á grænmeti og ávöxtum (-7,4%), drykkjavörum (-5,1%) og kjötvörum (-3,5%) í körfunni.

Vika 44 og 3	Hagkaup	Nóatún	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Ellefu-ellefu	Samkaup-Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	-0,7%	3,1%	1,6%	-2,6%	2,5%	1,1%
Brauð og kornvörur	5,9%	6,8%	0,9%	-2,1%	3,2%	2,6%
Kjötvörur	-4,8%	11,3%	2,4%	-3,5%	1,7%	3,4%
Mjólkurvörur, ostar og egg	-1,4%	-4,9%	-2,0%	-2,1%	0,8%	0,1%
Grænmeti og ávextir	-4,0%	-6,3%	0,0%	-7,4%	-0,2%	-3,3%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	4,3%	0,0%	6,3%	-0,4%	-2,0%	-3,3%
Ýmsar matvörur	-5,4%	-1,5%	-2,9%	2,4%	6,9%	5,3%
Drykkjarvörur	4,5%	5,8%	0,5%	-5,1%	0,4%	0,1%
Hreinlætis- og snyrtivörur	3,4%	8,0%	7,6%	-1,7%	14,9%	0,7%

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í

lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.
Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða, þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.